



Hvaleyrarskóli 30. júní 2017

Skólafærninámskeið

fyrir foreldra barna í 1. bekk fer fram í Hvaleyrarskóla
þriðjudaginn 29. ágúst 2017 kl. 17:15

Kæru foreldrar.

Skólafærninámskeiðið fer fram þriðjudaginn 29. ágúst fyrir foreldra barna sem eru að hefja nám við skólann í 1. bekk á þessu hausti. Meginmarkmið námskeiðsins er að fá foreldra til að koma á vinnustað barna sinna og kynnast því fólki sem þar starfar, skoða húsakynni, bóka- og tækjakost og síðast en ekki síst til að kynnast foreldrum væntanlegra skólasystkina barna sinna.

Á dagskrá námskeiðsins er m.a. fræðsla, fyrirlestrar og kynningar.

Það er ætlast til þess að hvert barn eigi að minnsta kosti einn fulltrúa á námskeiðinu.



Til að undirbúa námskeiðið sem best er mikilvægt að þið tilkynnið sem fyrst hvort að einn eða fleiri fulltrúar komi fyrir hönd barnsins á námskeiðið. Tilkynning berist til skrifstofu skólans í síma 565-0200 eða með því að senda tölvupóst á netfangið hvaleyrarskoli@hvaleyrarskoli.is.

Með kærri kveðju.
Skólastjórnendur og kennarar.

Dagskrá:

Fimmtudaginn 29. ágúst kl. 17.15-19.30.

- 17:15** Námskeiðssetning: Sigrún Einarsdóttir aðstoðarskólastjóri.
- 17:25** Áherslur vetrarins: Kristinn Guðlaugsson, skólastjóri.
- 17:35** SMT-skólafærni: Steinar Ó. Stephensen, deildarstjóri.
- 17:45** Kynning á Mentor
- 17:55** Störf heilsugæslunnar í Hvaleyrarskóla: Hildur Jónsdóttir, skólahjúkrunarfræðingur.
- 18:05** Kynning á skólastarfi vetrarins: Edda Guðmundsdóttir, Guðrún Halldórsdóttir og Ragnheiður Anna GeorgsdóttirInga, umsjónarkennarar.
- 18:20** Súpa í boði skólans
- 18:45** Kynning á foreldrafélagi Hvaleyrarskóla.
- 19:00** Fyrirspurnir og kíkt er á stofur barnanna.
- 19:30** Námskeiðsslit.

Námskeiðið fer fram í hátíðarsal skólans.